



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

7. tbl. 2005, - 15. árg.
Nóvember 2005

Bazar International 26. - 27. nóvember 2005

Við viljum minna á hinn árlega Bazar sem verður haldinn fyrstu helgina í aðventu sem nú, ber upp á 26. - 27. nóvember, í Foires Internationales í Kirchberg. Barnagæsla er á staðnum.

Opnunartímar eru:
12:00 - 19:00 laugardag.
10:00 - 18:00 sunnudag.

Sölubásar á svæðinu verða frá rúmlega 40 löndum og allir selja vörur og mat frá sínu heimalandi.

Fullt af nýjum vörum frá Íslandi, gler- og leirvörur, skinnavörur eins og töscur, belti, púðar og hálskragar.

Allur söluágoði er gefinn til líknarfélaga víðsvegar um heiminn.

Við erum búnar að fá frábæran stuðning frá konum í "rúgbrauðsbaksturinn." Þó viljum við minna á, að enn vantar okkar sæta(r) íslenska(r) konur / karla

að hjálpa okkur í afgangi um bazarhelgina.

Hafið endilega samband við okkur. Það er svo gaman að vera með!

Nefndin:
Vala sími 021 674 427
Ingunn sími 091 741 858
Elísabet sími 021 363 734
Bazarnefndin

Í þessu blaði:

<i>Bazar International</i>	1
<i>Spuni 30 ára</i>	1
<i>Guðspjónusta og jólaball</i>	1
<i>Íslenskuskólinn</i>	2
<i>Spuni leikklúbbur</i>	2
<i>Iceland Express</i>	2
<i>Áriðandi upplýsingar</i>	2
<i>Christmas Carol</i>	2
<i>Frá ritstýru</i>	2
<i>Hverjum á maður að giftast?</i>	2
<i>Ráðagóðahornið</i>	3
<i>Heimilishornið</i>	3
<i>Þorralót FÍL 2006</i>	3
<i>Skaðvaldurinn MSG</i>	3
<i>Menningarhátíð í Köln</i>	3
<i>Lea Linster Cuisinière</i>	3
<i>Gáta</i>	3
<i>Á hvaða aldri er best ...</i>	3
<i>Lausn gátu</i>	4
<i>Litlu dálkarnir</i>	4



LEIKKLÚBBURINN SPUNI ER 30 ÁRA!

Af því tilefni höldum við

BALL TEITIS PARTY HÓF

í tennisklúbbnum í Sandweiler (við hliðina á Top Squash)

laugardaginn 3. desember 2005

frá kl. 21:00 og fram á rauða nótt (þ.e. úti hvítu nóttina, eða þannig)

ALLIR VELKOMNIR

Barinn opinn

DJ Zídí sér um tónlistina

Við sjálf sjáum um fjörið og dansinn

Miðaverð: 15,- €

Miðnætursnarli innifalið

Stjórn Spuna

Guðspjónusta og jólaball verða 18. desember 2005



Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg hefur ákveðið að breyta til þetta árið og halda jólaball félagsmanna þann 18. desember í stað 26. desember eins og verið hefur undanfarin ár.

Séra Sigurður Arnarson kemur frá London og predikar í Mótmælenda-

kirkjunni, 5 rue de la Congrégation, Luxembourg. Guðspjónustan hefst kl. 13:00.

Að lokinni guðspjónustu verður svo jólaballið í Centre Polyvant í Junglinster (nýja íþróttahúsinu). Húsið opnar kl. 14:00.

Jólasveinar koma með góðgæti í poka fyrir börnin og allir í sínu besta jólaskapi, dansa í kringum

jólatréð.

Boðið verður upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma, kaffi og meðlæti. Aðrir drykkir verða til sölu.

Eindregið er óskað eftir því að allar fjölskyldur komi með eitthvað gott með sér, t.d. kökur, múffur, brauð, brauðterturtur, pönnukökur, vöfflur, kleinur, ástarpunga (uppskrift á bls. 3) eða eitthvað gott



að maula eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Stjórnin vonast til þess að sem flestar fjölskyldur mæti bæði í guðspjónustuna og á jólaballið.

Stjórn FÍL



Á döfinni:

- Bazar Internat. 26. - 27. nóv.
- Menningarhátíð í Köln, bls. 3
- Christmas Carol, sjá bls. 2
- Íslenskuskólinn, næst 24. nóv.
- Spunaball, 3. desember
- Guðspjónusta, 18. desember
- Jólaball FÍL, 18. desember
- Þorralót FÍL 11. febr. 2006

Íslenskuskólinn

Íslenskuskólinn hófst fimmtudaginn 20. október síðastliðinn.

Stjórn FÍL breytti tíma kennslunnar frá síðasta vetri til að koma til móts við aðra skóla en Luxembourgsku skólana.

Áður voru kennslutímar á þriðjudögum kl. 13:15 til 15:15 en nú fram til áramóta var ákveðið að prófa að hafa kennslutímana á fimmtudögum frá 16:00 til 17:30.

Kennt er eins og áður í Verainsbau í Godbrange.

Eftir áramótin verður skoðað hvernig til hefur tekist. Jafnvel verður skoðanakönnun á netsíðu félagsins, www.islandus.net, þar sem spurt verður um vilja foreldra varðandi kennslutíma íslenskuskólans.

Yngri hópur 5-8 ára.

Kennarar:

Herdís Þórisdóttir, sími 350 206
Eva H. Jónsdóttir, sími 26 745 636

Eldri hópur 9-12 ára.

Kennarar:

Elísabet Sigurðard., sími 26 360 548
Elín Dröfn Valsdóttir, sími 366 585
Fram til áramóta eru eftirfarandi kennsludagar:

24. nóvember

1. desember

15. desember

www.islenskuskolinn.is tók einnig til starfa í haust. Það var að mestu hugsað fyrir börn 12 ára og eldri.

Kennslunni er þannig háttað að krakkarnir skrá sig í íslenskuskólann á www.islenskuskolinn.is og fara þar á námskeið sem boðið er upp á.

Svo verða hóptímar á 2-3 vikna fresti, þar sem Dagný Brodda-dóttir, kennari, leiðbeinir krökkunum. Þessir tímar gætu jafnvel farið fram í International skólanum.

Þeir, sem hafa áhuga á að skrá krakkana, hafi samband við Dagnýju í síma 26 311 871.

Stjórn FÍL

Spuni leikklúbbur

Allir eru velkomnir í Leikklúbbinn Spuna, ungir sem aldnir.

Skemmtilegur félagsskapur og það er mikið gaman að taka þátt í uppákomum Spuna.

Nýtt fólk er hjartanlega velkomid, enginn þarf að vera feiminn, flestir byrja af forvitni og hafa engan grunn!

Áhugasamir hafi samband við stjórnarmeðlimi Spuna. Sjá upplýsingar á bls. 4.

Spuni



Christmas Carol

No seating arranged. First come first served.

Abbaye Neumuenster, Salle Robert KRIEPS. All at 8 pm.

Wednesday 30 Nov 2005

Thursday 1 Dec 2005

Friday 2 Dec 2005

Saturday 3 Dec 2005

Matinee at 3 pm Saturday 3 December 2005.

When booking please state if you are a NWTC member or a cast member family.

Prices: Euro 18 Adult
Euro 15 Members
Euro 12 Students

Janice Allgrove
jallgrove@hotmail.com
GSM +352 028 181 767

Frá Ritstýru

Kæru lesendur.

Nú ættu allir að hafa fengið bréf stjórnar FÍL um vefsíðuna www.islandus.net. Endilega kíkið reglulega á síðuna til að fylgjast með nýjustu fréttum.

Ritstýra vill sérstaklega benda á að jólaguðspjónustan 18. desember hefst kl. 13:00. Jólballið er strax á eftir.

Kærar þakkir til þeirra sem senda inn efni til birtingar í Brúnni.

Sjáumst á Bazarnum!

Ritstýra



Auka flug og jólagjafabréf

Iceland Express hefur hafið sölu á auka flugum til og frá Frankfurt Hahn um jól og áramót. Fluggið verður 22. og 29. desember 2005 og 5. janúar 2006.

Einnig hófst sala á jólagjafabréfum 21. nóvember. Bréfið kostar aðeins 19.900 ISK og gildir í flug á

alla áfangastaði á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2006. Bóka verður ferðina fyrir 1. febrúar næstkomandi.

Hægt er að kaupa á netinu www.icelandexpress.is og fá bréfið sent í netpósti og prenta út sjálfur eða láta prenta það út hjá Iceland Express og fá sent í pósti.

Áriðandi upplýsingar til okkar allra

Eftirfarandi upplýsingar eru ógeðfældar en áriðandi er að þær komist til skila.

Eftirfarandi gerðist í París nú á dögnum.

Það gerðist í leikhúsi að manneskja sem settist í sæti sitt fann, að eitthvað stóð upp úr setunni og stakst í hana ... Þegar hún stóð upp til að athuga málið, kom í ljós nál og lítill miði sem á stóð:

"Þú hefur hér með smitast af HIV."

Rannsóknarsetur smitsjúkdóma (í París) hefur gefið út skýrslu þar sem fram kemur að þetta er ekkert einstakt dæmi heldur hefur þessum tilfellum verið að fjölga jafnt og þétt. Allar þær nálar sem hafa fundist á þennan hátt hafa ALLAR reynst HIV jákvæðar.

Auk þess sem þessar nálar finnast í leikhúsum og kvikmyndahúsum hafa þær líka verið að finna þar sem maður tekur út peningaseðla í hraðbönkum!

Við viljum biðja alla að sýna itrustu varúð við þessar aðstæður.

Öll almenningssæti, hvar sem þau eru að finna ætti að skoða varlega áður en sest er í þau.

Þeir vilja enn fremur biðja þig að koma þessari tilkynningu áfram til allra sem þú þekkir til að koma í veg fyrir að fleiri smitist á þennan hátt.

Þessar upplýsingar hafa verið sendar til allra lögregluembætta í Frakklandi og þeir verið beðnir um að koma þeim áleiðist í sínum heimabæjum. Við höfum einnig verið beðin um að koma þessu áleiðis til eins margra og við getum og vonumst til að þú gerir slíkt hið sama.

Með því koma þessu áleiðis til annarra getur ÞÚ bjargað mannlífum.

Dagbjört Sumarliðadóttir
Landspítali Háskólasjúkrahús
Upplýsingatæknisvið, Þjónustuver
Eiríksgötu 5, Eiríksstöðum.
e-mail: dagbj@landspitali.is
s: 5602090 bs: 5602094

Hverjum á maður að giftast?

Það ákveður það enginn, áður en hann verður fulllorðinn, hverjum hann ætlar að giftast.

Guð ákveður það allt, löngu áður og maður kemst ekki að því, fyrr en það er orðið allt of seint.

Haldóra, 10 ára



Þorralblót félagsins verður haldið laugardaginn 11. febrúar 2006

Takið daginn frá



Ráðagóðahornið

Valhnetum nuddað í rispurar

Valhnetunudd er náttúruleg og umhverfisvæn viðgerð á rispuðum viði.

Allir kannast við að fá rispur í viðargólf eða húsgögn og eru þær misslæmar. Þetta er sérstaklega hvítleitt vandamál á heimilum þar sem eru hundar eða kettir sem rispa gólfin með klónum. Einfalt ráð við þessu er að taka valhnetur og nudda þeim í rispurar, náttúrulegar olíur í hnetunum fylla í rispurar. Þetta er einföld og ódýr leið til að takast á við þetta vandamál og að sjálfsögðu mjög umhverfisvænt. Sama er að sjálfsögðu hægt að gera við borð, stóla, skápa eða kommóður úr heilum viði sem hafa rispast illa.

FB. 2.mai 2005

Skaðvaldurinn MSG

Það eru ótal margir með ofnæmi fyrir MSG en fáum er kunnugt um það. Einkennin lýsa sér meðal annars þannig að fólki finnst eins og járnkló hafi gripið um hjarta þess, en það eru yfirleitt svæsnustu einkennin.


Algeng einkenni MSG ofnæmis eru sljóleiki, ógleði, svimi, óeðlilegur þorsti og doði í hálsi og bringu og höfuðverkur. Þetta er talið stafa af því, að við inntöku þess bólgna vefjakerfi líkamans upp. Þessi óþægindi eru oft nefnd Chinese Restaurant Syndrome. Þó er það alls ekki svo að allir kínverskir veitingastaðir noti MSG og margir, sérstaklega í seinni tíð, leggja sig fram um að sneiða framhjá þessu kryddi.

MSG, sem er stytting á monosódíum glútamati, er líka oft nefnt þriðja kryddið. Það er að finna í flestum krafteningum (súputeningum) og flestum tegundum kryddsalts, auk þess í súpum og jafnvel áleggi. Á umbúðunum er varan hins vegar sjaldnast merkt MSG, heldur E621 eða oft aðeins nefnt sem bragðauki, eða flavour enhancer.

Fyrir fáeinum árum var nánast ómögulegt að kaupa krydd án þess að í því væri MSG, en nú eru breyttir tímar og margir auglýsa það sérstaklega að þeir noti ekki MSG. Einn kunnasti kryddframleiðandi á Íslandi, Pottagaldrar, er eitt þeirra fyrirtækja sem ekki notar MSG og auglýsir það grímt.

INNANHÚSARKITEKT

Vala Björg Arnardóttir
tel. 021674427 / 26945378
e-mail: valaarn67@hotmail.com



Heimilshornið

Ástarpungar

4 bollar hveiti
1 bolli sykurl
4 tsk. lyftiduft
2 stk. egg (má nota 1 stk. egg)
2 bollar mjólk
Vanilla
Rúsínur (valmöguleiki)

Allt hrært saman og deigið sett með teskeið út í heita feiti. Gott að nota djúpsteikingarpott ef hann er til. Venjulegur djúpur pottur dugar líka vel. Gæta þarf þess að hafa feittina ekki of heita því þá geta pungarnir orðð hráir að innan og vondir.

Bragðið er svipað og kleinurnar okkar gömlu góðu en miklu auðveldara er að búa ástarpungana til (og engin feiti notuð nema til að steikja upp úr). Bestir nýbakaðir!

Kannski hugmynd fyrir Bazarnefndina að bjóða upp á ekta íslenska "Ástarpunga" helgina sem Bazarinn stendur yfir!

Ritstýra

Lea Linster Cuisinère

Best of LEA LINSTER CUISINÈRE

Íslandsvinurinn og Bocus d'or verðlaunahafi 89, Lea Linster, er nýbúin að gefa út bókina "Best of LEA LINSTER CUISINÈRE."

Bókin er á ensku og hefur að geyma marga af bestu réttum hennar.

Gaman er að segja frá því, að Hákon Már Örvarsson, sem er yfirkokkur á Hótel Nordica á Íslandi vann hjá Leu og hún fékk Hákon til að gefa góð ráð með uppsetningu réttanna og einfalda uppskriftirnar. Allir þeir sem hafa áhuga á mat og matreiðslu ættu ekki að láta þessa bók fram hjá sér fara. Þessi bók fer beint á jólastann hjá mér!

Bókin kostar 40 €, og það þarf að gefa upp heimilisfang og pósthaf til að panta þessa bók hjá Leu Linster.

Faxið pöntun ykkar í síma 00-352-23-67-64-47 eða sendið mail á info@lealinstar.lu

Vilhjálmur A. Axelsson
Matreiðslumaður á Arizona Lounge
Luxembourg

Gáta

Lausn á bls. 4

Þegar fjórir kettir sitja í fjórum hornum, hve mörg augu sér þá hver köttur? (Leyfið endilega börnum og barnabörnum líka að ráða gátuna).

Þorrablót FÍL 2006

Þorrablótið verður haldið 11. febrúar í Centre Polyvant í Junglínster.

Undirbúningur þorrablótsins er nú þegar hafinn.

Við erum búin að fá hljómsveitina "Á móti sól" til að spila undir dansi og þykir hún alveg bráðskemmtileg ball hljómsveit.

Spuni er byrjaður að safna efni í sinn árlega leikþátt svo nú er eins gott að allir hagi sér vel til að lenda nú ekki í Spunaverkinu.

Fyrirhugað er að vera með leiguflug frá Íslandi til Frankfurt Hahn vegna þorrablótsins. Flugið verður frá Íslandi á föstudagsmorgni um 9 leytið og til baka á sunnudeginum um 3 leytið.

Nú er bara að hafa samband við vini, sem eru fluttir héðan, eða ef fólk vantar barnapiur. Tilvalið að fá ömmur, afa, bræður eða systur til að koma til Luxembourgar eina helgi og eyða tíma með börnunum. Send verður út auglýsing þegar verðið er komið.

Ef einhverjir hafa áhuga á að bóka miða er hægt að hafa samband við Matthildi Kristjánsdóttur í síma 021 142 060 eða senda e-mail á matthildurk@icelandexpress.com.

Stjórn FÍL

Á hvaða aldri er best að ganga í hjónaband?

Það er best að vera 23 ára, því þá er fólkið búið að þekkjast í heila eilífð.

Birna, 10 ára

Maður þarf ekki að vera á neinum sérstökum aldri, maður þarf bara að vera bjáni.

Friðrik, 6 ára

Menningarhátíð í Köln

"Íslandsmyndir"

Í tilefni 50 ára afmælis Þýsk-íslenska vináttufélagsins í Köln er efnt til fjörbreyttrar íslenskrar menningarhátíðar undir heitinu "Íslandsmyndir" í Köln, 18. til 26. nóvember.

"Íslandsmyndir" er ein umfangsmesta íslenska menningar- og listahátíð sem efnt hefur verið til í Þýskalandi fram til þessa og taka um 100 listamenn þátt í henni, aðallega Íslendingar. Hátíðin nær til myndlistar, ljósmynda, kvikmynda, bókmennta, tónlistar og hönnunar. Þungamiðja "Íslandsmynda" verður kynning á íslenskrí nútímalist á breiðum grundvelli.

Óf langt mál yrði að telja upp alla þá sem taka þátt í þessari frábæru hátíð. Ritstýra vill visa til dæmis, á MBL 7. nóvember 2005 og annarra fjölmiðla bæði á Íslandi og í Þýskalandi.



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, Ritstýra
Matthildur Kristjánsdóttir, Ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Ýmislegt

Jólamyndin í ár

Jólamyndin í ár frá Jangli teiknimyndum heitir "De Rudi mat der roudier Nieschen" og er falleg jólamynd með mörgum skemmtilegum lögum fyrir börn frá tveggja ára aldri.

Í myndinni "Déi frou Kou Josefin" er að finna 11 smásögur fyrir börn til átta ára aldurs og ef mamma og pabbi skilja ekki Luxembourgísku þá er myndin textuð á ensku.

"De Kleesche mat der Mutz" er skemmtileg jólasaga fyrir alla fjölskylduna. Hún er einnig með enskum texta. Þessar myndir og fleiri er hægt að panta í síma 23 660 526 eða á vefsíðunni www.jangli.com

Lausn gátu á bls. 3

Sex.

Jólaskemmtun Íslendinga í Þýskalandi

Verður haldin 4. desember 2005 í Oberursel, Gemeindesaal der Katholischen Kirchengemeinde Sankt Hedwig, Freiherr-von-Stein Strasse 8a, 61440 Oberursel (salurinn er á efri hæð).

Frekari upplýsingar eru veittar í síma: +49 6084 3273
Gsm: +49 173 655 0873

Hljóðbók.is

Vísu m á v e f s í ð u n a
<http://hljóðbók.is>

Fullt af skemmtilegu efni sem hlusta má á í bílnum eða bara hvar sem er, heima eða að heiman. Hægt er að hlusta á hljóðsýnishorn á vefsíðunni.

Frábærar gjafir til þeirra sem búa erlendis. Hugmyndir til jólagjafa hvar sem er í heiminum.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Leigubílar í Luxembourg

Vísu m á v e f s l ó ð i n a
<http://www.nightrider.lu/1,index.de>

Luxembourgíska - talmál

Útlendinganeftindin í Junglingster er að stofna félagsskap fyrir þá sem áhuga hafa á að læra Luxembourgísku og þá sérstaklega talmál.

Solla tekur á móti símtölum frá áhugasömum í síma 789 341.

Símaskrá

Breytingar

Anna Jónsson Þorsteinsdóttir
Paul Masselter
Sími: 23 649 486

Birgir Örn Björnsson
Ólöf Dís Þórðardóttir
E-mail: birgir@vo.lu

Birna Björnsdóttir
Sími: 26 701 540

Einar Ingvarsson
Sigrún Ingvarsson
Sími: 358207
Gsm E: 091 353 705
Gsm S: 061 919 161
Sími Ísland S: +354 899 3704

Friðrik Guðjónsson
Gsm: 091 780 030

Guðrún Íris Þorkelsdóttir
Gsm: 091 780 510

Kristinn Aðalsteinsson
Gsm: 021 285 168
E-mail: kris@adalsteinsson.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2005-2006

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net
Þóra Karlsdóttir, ritari, 2694 5105, 021 501 117, fil.ritari@islandus.net
Inga Birna Antonsdóttir, gjaldkeri, 2671 0929, 021 224 312, fil.gjaldkeri@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsdóttir, meðstjórnandi, 365 163, 091 637 888, gstl@islandus.net
Elísabet I. Einarsdóttir, meðstjórnandi, 799 508, 021 363 734, elisabete@islandus.net
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður, 2694 5006, 091 348 737, oskars@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar 2005-2006

www.islandus.net/fil/kirkjunefnd.htm
Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Stefánsdóttir, 789 341
Agnar Sigurvinnsson, 435 183
Sigurður Kristinnsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu
Íris Þorkelsdóttir, gjaldkeri, 780 510, spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir, formaður, 26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri, 2694 5006

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elín Valsdóttir
Elísabet Sigurðardóttir
Eva Hrönn Jónsdóttir
Herdís Þórisdóttir

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagur félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.